

Sent í tölvupósti

Reykjavík, 12. október 2023

Alþingi
Atvinnuveganefnd
v.t. Þórarinn Ingi Pétursson, formaður

Efni: Umsögn til atvinnuveganefndar um tillögu til þingsályktunar um græna hvata fyrir bændur, þingskjal 43 – 43. mál, 154. löggjafarþing.

Bændasamtökin leggja til að eftirfarandi texti verði felldur út úr þingsályktunartillögunni:

„og draga úr kjötframleiðslu og annarri framleiðslu dýraafurða“.

Samtökin geta ekki tekið undir slík markmið enda ganga þau til að mynda bæði gegn markmiðum þjóðaröryggisstefnu varðandi fæðuöryggi sem og ákvæðum búvörulaga nr. 99/1993 en þar segir m.a. í 1. gr. laganna að *framleiðsla búvara til neyslu og iðnaðar verði í sem nánustu samræmi við þarfir þjóðarinnar og tryggi ávallt nægjanlegt vöruframboð við breytilegar aðstæður í landinu.*

Varðandi skógrækt og uppgræðslu lands þá vilja Bændasamtökin benda á að þar er um að ræða verkefni sem bændur hafa átt frumkvæði að síðustu áratugi. Verkefnið Bændur græða landið hófst formlega árið 1990 og skógrækt í umtalsverðum mæli á sér enn lengri sögu eða hið minnsta aftur til 1970. Ljóst er að jákvæðir hvatar til slíkra verkefna munu ávallt skila margföldum árangri.

Að framansögðu styðja samtökin efni þingsályktunartillögu þessarar um skipan starfshóps. Afar mikilvægt er að aflað verði áreiðanlegra upplýsinga um stöðu losunar frá landi og raunar fleiri þátta svo sem annarrar losunar í landbúnaði sem og kolefnisbindingar. Varðandi nýtingu lands þá liggja líklega helstu gögn um þann málaflokk í verkefninu Grólinn sem að stórum hluta er fjármagnað af sauðfjárbændum en Landgræðslan framkvæmir. Því miður skortir samt sem áður enn verulega á að landið hafi verið kortlagt með fullnægjandi hætti en með nútíma tækni ætti að vera fremur einfalt mál að ljúka slíkri vinnu, fáist til þess fjármunir.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllt
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, yfirlögfræðingur

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Egilsstöðum, 12. október 2023

Efni: Umsögn Skógræktarinnar um tillögu til þingsályktunar um græna hvata fyrir bændur.

Hugmyndir um grænar greiðslur til landeigenda vegna umhverfismála eða vistkerfisþjónustu eru ekki nýjar af nálinni, en vafist hefur fyrir mönnum að úfæra þær. Fyrir hvað á að greiða? Hverjir eru gjaldgengir þátttakendur og á hvaða forsendum? Hvaða markmið búa að baki, t.d. viðhald búsetu í tilteknum sveitum eða um land allt?

Skógræktin tekur undir að þörf sé á upplýsingaöflun með vísindalegum aðferðum um þessi atriði og fleiri. Þá er rétt að benda á að í gildi er (á Íslandi og annars staðar á EES-svæðinu), LULUCF-reglugerð ESB sem lýtur að “mælanlegum markmiðum” um losun og binding kolefnis frá landi. Það yrði gott að tengja þessa þingsályktunartillögu við þá reglugerð og ýta á eftir að rannsakaðar og vel rökstuddar “stærðir” (parametrar) um losun frá illa förnu, íslensku landi komi fram í dagsljósið og í framhaldi því að útbúa “græna hvata” til að snúa losuninni í aukna bindingu.

<https://www.efta.int/media/documents/legal-texts/eea/other-legal-documents/translated-acts/icelandic/i32018R0841.pdf>

Skógræktin tekur undir 1. mgr. tillögunnar en leggur til að 2. mgr. verði sleppt, þar sem það ætti að vera á ábyrgð matvælaráðherra að ákveða hvernig nefnd sem fjalli um málið verði skipuð og hvernig eftirliti verði háttað.

Virðingarfyllst



Þröstur Eysteinnsson
skógræktarstjóri



Atvinnuveganefnd Alþingis
nefnasvid@althingi.is

Ungir umhverfissinnar
Rafstöðvarvegur 5-7
110 Reykjavík
umhverfissinnar.is

12. október 2023

Umsögn við 43. máli 154. löggjafarþings: Tillaga til þingsályktunar um græna hvata fyrir bændur.

Ungir umhverfissinnar (UU) hafa kynnt sér þingsályktunartillögu um græna hvata fyrir bændur og styðjum hana heilshugar. UU telja brýna þörf á slíkum hvötum og fögnum við því þessari tillögu en viljum koma eftirfarandi athugasemdum áleiðis sem við teljum mikilvægt að taka tillit til ef hámarka á jákvæðan ávinning fyrir umhverfi og samfélag með þessum hvötum.

Loftslagsbreytingar og hnignun líffræðilegrar fjölbreytni eru stærstu áskoranir samtímans. Mikilvægt er að dregið sé úr losun gróðurhúsalofttegunda til að Ísland standist alþjóðlegar skuldbindingar og skapi skilyrði til heilbrigðs samfélags bæði hérlandis og annars staðar. Landbúnaður hefur oft verið undanskilinn umræðu um losun gróðurhúsalofttegunda eða fengið litla athygli í samanburði við aðra málaflokka. Staðreyndin er þó sú að landbúnaður, og þá sérstaklega framleiðsla á dýraafurðum, hefur með sér í för verulega losun gróðurhúsalofttegunda og í mörgum tilfellum verulegt rask á vistkerfum.

Grænir hvatar auka tækifæra bænda til að hafa jákvæð áhrif í umhverfismálum á margan hátt, t.d. með því að auka frelsi þeirra og bæta kjör sem veitir þeim getu til að stunda sjálfbærari landbúnað, endurheimt vistkerfa og landvörslu. Þegar kemur að endurheimt votlendis viljum við benda sérstaklega á rannsóknarskýrslu sem unnin var fyrir Landgræðsluna í fyrra um áskoranir og tækifæri í endurheimt votlendis á Íslandi¹.

¹ <https://land.is/wp-content/uploads/2023/03/Askoranir-og-taekifaeri-i-endurheimt-votlendis-a-Islandi.pdf>

Mikilvægt er að við innleiðingu grænna hvata séu bændur hafðir með í ráðum þar sem þeir þekkja landið hvað best og búa yfir mikilli reynslu og þekkingu sem gæti nýst vel við útfærslu hvatanna. Það er til gríðarlega mikils að vinna fyrir bændur og samfélagið í heild með umfangsmiklum grænum hvötum og hægt að tryggja skilvirkni þeirra og sem mest áhrif með því að nýta þekkingu bænda og fræðasamfélagsins. Hafa þarf réttlát umskipti í fyrirrúmi við innleiðingu grænna hvata til að gæta þess að breytingarnar bitni ekki illa á bændum; að þeim sé veittur stuðningur frá hinu opinbera til að færa sig úr framleiðslu dýraafurða yfir í framleiðslu jurtafæðis og endurheimtar vistkerfa.

Þegar kemur að útfærslu þessara hvata leggja UU til að búvörusamningum verði breytt í takt við þá og að fjárframlög til landbúnaðar endurspegli betur markmið stjórnvalda í umhverfismálum. Í núverandi mynd er um 85% allra styrkja ríkisins til landbúnaðarins varið í að framleiða mjólk og rautt kjöt en einungis um 4% veitt í grænmetisframleiðslu². Þetta er grafalvarleg staða og væri það þjóðhagslega hagkvæmt að snúa þessum hlutföllum við eða a.m.k. jafna þau. Það að íslensk stjórnvöld séu að niðurgreiða ósjálfbæra framleiðslu á dýraafurðum með svo afgerandi hætti er í beinu ósamræmi við markmið okkar um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegundir og verndun og endurheimt vistkerfa.

Gott gæti verið að líta til þess styrkjakerfis sem ESB notast við en þar eru landbúnaðarstyrkir ekki framleiðslutengdir og er bændum því veitt aukið frelsi til að framleiða það sem þeim finnst best að framleiða. Þetta fyrirkomulag hvetur bændur einnig til að nýta landið sitt á eins skilvirkan hátt og hægt er þar sem magn matvæla per hektara er hámarkað. Grænir landbúnaðarstyrkir ESB eru einnig fyrirmynd sem mætti líta til við útfærslu á slíkum grænum hvötum á Íslandi.

UU telja góða hugmynd að skipa starfshóp um bætt tækifæri bænda til að græða viðkvæm og illa farin vistkerfi. Þó viljum við benda á að raddir ungs fólks endurspeglast ekki í þeirri upptalningu hagaðila sem lagt er til að skipi þennan starfshóp. Teljum við æskilegt að raddir ungs fólks og framtíðarkynslóða fái að heyrast í slíkum starfshópi og leggjum við til að Ungir umhverfissinna og Samtök ungra bænda fái sæti í honum. Eins og með alla starfshópa þarf að huga að því að vinna á skilvirkan máta og að hann skili af sér skýrum og vel nýtanlegum niðurstöðum.

Virðingarfyllst, fyrir hönd Ungra umhverfissinna,

Evalía Kolbrún

Finnur Ricart Andrason

Evalía Kolbrún Ágústsdóttir,
varaforseti Ungra umhverfissinna,

Finnur Ricart Andrason,
forseti Ungra umhverfissinna

² <https://www.ruv.is/kveikur/sidasti-bondinn-slekkur-ljosid/>